

stafar það af því, að annar meðdómsmaður þurfti að fara til útlanda, rétt eftir að málið var flutt.

Dóm þenna kváðu upp Sigurður M. Helgason, fulltrúi bæjarfógeta, og meðdómsmennirnir Anton Kristjánsson rafvirkjameistari og Ingólfur Árnason rafveitustjóri.

Dómsorð:

Stefnda, Rafveita Akureyrar, greiði stefnanda, Bjarna Hjaltalín, kr. 195.000.00 með 7% ársvöxtum frá 31. desember 1958 til greiðsludags og kr. 35.000.00 í málskostnað, þar af kr. 330.00 í ríkissjóð, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að telja.

Dóminum má fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 29. janúar 1965.

Nr. 110/1964. **M** (Gústaf A. Sveinsson hrl.)

gegn

K og gagnsök (Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómaramirnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Barnsfaðernismál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. júní 1964. Hann krefst *aðallega* sýknu af kröfum gagnáfrýjanda, en *til vara*, að úrslit málsins verði látin velta á synjunareiði hans. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 14. október 1964 og gjafsóknarleyfi sama dag, áfrýjað málinu með stefnu 16. s. m. Krefst hún þess *aðallega*, að aðaláfrýjandi verði dæmdur faðir meybarns þess, X, er hún ól 3. marz 1963, og dæmt skylt að greiða henni meðlag með barninu

frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs svo og fæðingarstyrk og almennt tryggingariðgjald fyrir árið 1963, allt eftir yfirvaldsúrskurði. *Til vara* krefst gagnáfrýjandi, að henni verði dæmdur fyllingareiður. Þá krefst hún og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Í Hæstarétti hefur verið lagt fram vottorð ljósmóður um fæðingu barnsins. Samkvæmt því var lengd þess 50 cm og þungi 3000 gr. og barnið fullburða.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að öðru en því, að eiðsfrestur ákveðst tveir mánuðir frá birtingu dóms þessa og um málskostnað fer, svo sem síðar greinir.

Ef gagnáfrýjandi vinnur eiðinn, skal aðaláfrýjandi greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 22.462,00, er renni í rikissjóð.

Ef gagnáfrýjanda verður eiðfall, greiði hún aðaláfrýjanda kr. 8.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti, en málskostnaður í héraði falli niður.

Gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjanda í héraði, sbr. 215. gr. laga nr. 85/1936, og hér fyrir dómi greiðist úr rikissjóði, þar með talin laun talsmanns gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 18.000.00.

Það athugast, að eigi sézt, að ljósmóðir sú, sem tók á móti barni gagnáfrýjanda, hafi spurt hana um faðerni barnsins, eins og boðið er í 214. gr. laga nr. 85/1936.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að frestur til eiðvinningar er tveir mánuðir frá birtingu dóms þessa. Ef gagnáfrýjandi, K, vinnur eiðinn, skal aðaláfrýjandi, M, greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 22.462,00, er renni í rikissjóð.

Nú verður gagnáfrýjanda eiðfall, og skal hún þá greiða aðaláfrýjanda kr. 8.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti, en málskostnaður í héraði fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr rikissjóði, þar með talin laun talsmanns hennar í héraði og fyrir Hæstarétti, Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 18.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadóms Árnassýslu 31. marz 1964.

Ár 1964, þriðjudaginn 31. marz, var á aukadómþingi Árnassýslu, sem haldið var í skrifstofu embættisins á Selfossi af fulltrúa sýslumanns, Snorra Árnasyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 8/1963: K gegn M, sem dómtekið var hinn 20. þ. m.

Mál þetta er höfðað af sóknaraðilja, K, til heimilis . . . , á hendur M, verzlunarmanni, . . . , . . . , og gerir hún þær dómkröfur aðallega, að varnaraðili verði dæmdur faðir að óskilgetnu barni hennar, X, fæddri 3. marz 1963, og að honum verði gert að greiða meðlag með barninu frá fæðingu til fullnaðs 16 ára aldurs þess svo og kostnað vegna fæðingar þess og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu. Til vara gerir hún þá dómkröfu, að henni verði dæmdur fyllingareiður og varnaraðili dæmdur til að greiða henni málskostnað að skaðlausu.

Varnaraðili gerir þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum sóknaraðilja og hún verði dæmd til að greiða honum allan kostnað af málinu að mati dómsins.

Atvik málsins eru þessi:

Hinn 3. marz 1963 ól sóknaraðili máls þessa óskilgetið meybarn, er síðar hlaut nafnið X. Föður að barni þessu lýsti hún varnaraðilja máls þessa, en hann hefur eigi viljað gangast við faðerninu, og var því til þessa máls stofnað.

Sóknaraðili kom fyrir sakadóm Rangárvallasýslu 6. júní s.l. Segir hún þar, að hún hafi kynnt varnaraðilja, að því er hana minnir, í október 1961, er hún var starfsstúlka í Hótel Hveragerði, og hófst þá nokkuð náinn kunningskapur milli hennar og varnaraðilja, án þess að þau hefðu samfarir. Hún fór heim til sín að . . . um jólaleytið, fór síðan til Vestmannaeyja, en fór að vinna í Þorlákshöfn í byrjun júní 1962.

Eftir að hún kom til Þorlákshafnar, kveðst hún oft hafa skroppið til Hveragerðis, aðallega um helgar, og hitt þar varnaraðilja og haft nokkrum sinnum við hann samfarir. Ekki kveðst hún

muna, hvenær þau höfðu fyrst samfarir, en segir, að það hafi oftast átt sér stað í Hveragerði og nokkrum sinnum á Selfossi.

Í sakadómi Rangárvallasýslu hinn 12. júní kveðst sóknaraðili alls ekki muna, hvenær hún varð þess vör, að hún væri orðin vanfær, eða hvenær hún hafði síðast tíðir fyrir barnsburð, en kveðst alltaf hafa haft reglubundnar tíðir. Hún segir, að hún hafi ekki farið að vinna í Þorlákshöfn fyrr en 2. júlí 1962.

Hún kveðst hafa aflað sér upplýsinga um það, að hún hafi komið heim til sín 5. maí og verið þar fram að mánaðamótum maí og júní, og minnst þess nú, að þá fór hún út í Hveragerði, dvaldi þar nokkra daga og bjó í herbergi á Hótel Hveragerði, er systir hennar, A, er þá starfaði þar, hafði útvegað henni. Hún kveðst þá hafa hitt varnaraðilja og minnst þess að hafa haft samfarir við hann.

Sóknaraðili kom fyrir aukadómþing Rangárvallasýslu 20. júní. Þar segir hún m. a.: „Mætta ítrekar, að hún muni það nú rétt, að hún hafi verið í Hveragerði í nokkurra daga heimsókn hjá systur sinni A um mánaðamótin maí/júní 1962 og hitt kærða þá á hverjum einasta degi.

Hún kveðst muna eftir því, að er hún dvaldi í þetta umrædda skipti í Hveragerði og var eina nótt að koma frá dansleik að Hvoli, Hvolsvelli, í langferðabifreið, að er hún kom að hótelinu og ætlaði að halda þar inn, að kærði kom þar að í bifreið sinni og óskaði að fá að fara inn með henni. Þar sem mætta hafði eigi lykla að hótelinu, varð hún að vekja systur sína til að opna fyrir sér.

Mætta kveður systur sína, A, hafa gert það og hleypt sér og kærða inn. Kveður mætta kærða hafa farið með sér inn í herbergi, er mætta hafði á hótelinu. Kveður mætta kærða hafa dvalizt þarna hjá sér í herberginu drjúglanga stund og haft við hana holdlegar samfarir.

Mætta kveðst eigi muna, hvað klukkan var, er hún í umrætt skipti kom frá Hvoli til Hveragerðis, en telur, að hún hafi verið um 0300 til 0330.

Mætta kveðst minnst þess að hafa haft samfarir við kærða á Selfossi og þar í bifreið hans, en kveðst eigi muna, í hvaða mánuði það var, kveður það hafa átt sér stað inni í kauptúnu að næturlagi, en kveðst ekki geta tilgreint staðinn, þar sem hún sé algerlega ókunnug á Selfossi.

Mætta telur það rétt vera, að hún hafi eigi gefið kærða til kynna, að hún væri barnshafandi.“

Vitnið A, systir sóknaraðilja, lýsir atburðinum í Hótel Hveragerði aðfaranótt 3. júní svo í réttarhaldi 12. júní 1963: „Vitnið kveðst hafa byrjað að starfa á Hótel Hveragerði um 25. maí 1962. Vitnið kveðst örugglega minnst þess, að um mánaðamótin maí og júní 1962 kom systir hennar, K, í heimsókn til hennar í Hótel Hveragerði og dvaldist þar í nokkra daga eða um viku tíma.

Vitnið kveðst minnst þess, að er systir hennar, K, dvaldi þessa daga í Hveragerði, að hún vakti hana upp eina nótt um kl. 0300 og bað hana að hleyppa sér inn, en vitnið kveður K hafa verið gest sinn á hótelinu þessa daga, en bjó í öðru herbergi en vitnið.

Vitnið kveðst hafa hleypt systur sinni inn ásamt M, . . . , er vitnið kveður hafa komið með systur sinni á hótelið, og fóru þau K og M inn á herbergi K. Voru þau saman þar um nóttina, og hyggur vitnið, að þau hafi verið um 3 tíma saman í herberginu.

Vitnið kveðst hafa orðið þess vart, er M yfiringar herbergi systur sinnar um kl. 0600 um morguninn.

Vitnið kveðst ekki hafa talað við M, er hann kom með K inn á hótelið umrædda nótt, en kveðst bæði hafa séð, að þar var M, og einnig þekkt rödd hans, en vitnið kveðst vera honum málkunnugt.

Þá kveður vitnið einnig bifreið M hafa staðið fyrir utan Hótel Hveragerði þessa nótt.

Vitnið kveðst um morguninn hafa sagt ráðskonunni á Hótel Hveragerði, B, . . . , Reykjavík, frá því, að það hafi hleypt systur sinni, K, og M inn á Hótel Hveragerði umrædda nótt.“

Í réttarhaldi 13. nóvember segir sama vitni:

„Nánar aðspurð um atvik það, sem lýst er í dómskjali nr. 7, er vitnið hleypti kæranda og kærða inn á hótelið í Hveragerði, segir vitnið, að þetta hafi skeð aðfaranótt 3. júní 1962, og er vitnið öruggt um það, því þetta var fyrsta eða önnur helgin, sem vitnið vann á hótelinu þetta sumar, og var kærandi gestur þess. Kærandi fór á dansleik á laugardagskvöldið, vitnið veit ekki hvert. Um nóttina vaknaði vitnið við það, að kastað var steini í glugga þess. Var þar komin kærandi, sem bað vitnið að opna fyrir sér. Vitnið segir, að er það kom í útidyrnar portmegin, hafi bifreið staðið utan við portið gegnt dyrunum. Þekkti vitnið, að þetta var bifreið kærða, og þekkti það hann, þar sem hann sat í bifreiðinni. Vitnið opnaði dyrnar, og kom kærandi inn fyrir. Vitnið kveðst síðan hafa farið upp á herbergi sitt,

en hún bjó á herbergi nr. 3, rétt við stigann. Þær ræddust ekkert við. Er vitnið var komið inn á herbergi sitt, heyrði það, að kærandi kom upp stigann og kærði með henni. Vitnið heyrði, að þau töluðust við, en greindi ekki önnur orð en: Hafðu ekki hátt. Vitnið heyrði, að þau fóru inn í herbergi nr. 2, sem er gegnt herbergi vitnisins, og var lykli snúið í skránni. Kærandi hafði herbergi þetta til umráða. Vitnið kveðst hafa litið á veggklukku í herbergi sínu, er það var vakið, og var hún þá 3. Vitnið kveðst síðan ekkert hafa heyrt frá herbergi nr. 2 um nóttina, en kl. 6 um morguninn heyrði það, að gengið var ofan stigann. Vitnið kveðst hafa farið niður til að athuga, hvort húsið væri læst. Á leiðinni niður kveðst vitnið hafa heyrt, að bifreið var ræst. Húsið reyndist opið, þ. e. bakdyr, og lokaði vitnið þeim. Vitnið kveðst hafa þekkt málróm kærða í stiganum um nóttina. Vitnið kveðst ekki hafa rætt málið við kæranda um morguninn, en hafa sagt matráðskonu hótelsins frá því, að það hefði hleypt kæranda og kærða inn um nóttina. Vitnið sá kærða ekki í umrætt skipti, nema þar sem hann sat í bifreið sinni, og sá hann ekki koma inn í hótelið.

Aðspurt kveðst vitnið hafa haft grun um, að kærandi og kærði hefðu eitthvað verið að draga sig saman, en ekki hafa vitað nánar um það, áður en þetta skeði.

Vitnið kveðst ekki hafa séð númer á bifreið þeirri, er kærði var í.“

Um þenna atburð segir vitnið B svo:

„Vitnið kveðst hafa unnið á Hótel Hveragerði sumarið 1962 og líklega komið þangað í byrjun júní, vitnið man ekki nákvæmlega, hvenær það kom, en segir, að A hafi verið komin á undan því. Vitnið minnst þess, að kærandi dvaldi eitthvað á hótelinu í júní, viku eða hálfan mánuð eða svo. Aðspurt, hvort vitnið hafi orðið þess vart fyrstu helgina í júní, að kærði og kærandi hafi dvalið í hótelinu að næturlagi, kveðst vitnið ekki vita annað um það en það, sem A hafi sagt sér. Nánar aðspurt segir vitnið, að það hafi haft orð á því um morguninn, hvaða umgangur hafi verið um nóttina í húsinu, hvort ekki væri hægt að fá svefnfrið. A sagði þá, að hún hefði verið að hleypa systur sinni inn um nóttina, og hún bætti við: Veiztu, hver fór inn með henni? Er vitnið neitaði því, sagði A, að það hefði verið kærði. Aðspurt, hvort A hafi sagt, að hún hefði hleypt kærða inn, segir vitnið, að hún hafi ekki sagt það, en sagðist hafa séð

hann úti. Vitnið varð vart við umgang í húsinu um nóttina, en veit ekki, hvað klukkan var.

Nánar aðspurt kveðst vitnið ekki geta sagt um, hvaða mán-aðardag þetta var; kveðst ekkert hafa sett það á sig, en segir, að kærandi hafi dvalið á hótelinu einhvern tíma, er þetta átti sér stað.

Aðspurt, hvort vitnið viti eitthvað frekar um samband kærða og kæranda, kveðst vitnið ekki hafa séð neitt til þeirra. Aðspurt, hvort kærandi hafi rætt við vitnið um samband sitt við kærða, segir vitnið, að þær hafi aldrei rætt um kærða.“

Í réttarhaldi 13. nóvember segir sóknaraðili, að hún hafi aðeins þrisvar haft samfarir við varnaraðilja, þ. e. í hótelherbergi Hótel Hveragerði síðari hluta nætur aðfaranótt sunnudagsins 3. júní 1962, í bifreið á leiðinni frá Selfossi að . . . í nóvember 1962 og í bifreið varnaraðilja á Laugardælaafleggjara. Hún veit ekki hvenær nákvæmlega, en segir það hafa verið, eftir að þau voru saman í Hótel Hveragerði.

Ekki kemur fram annað en umrætt barn hafi verið fullburða og því eðlilegastur getnaðartími þess af þessum tilgreindu tímum aðfaranótt 3. júní, því að samfarirnar á Laugardælaafleggjara virðast hafa farið fram síðar um sumarið, eftir að farið var að bregða birtu á kvöldin.

Varnaraðili hefur algerlega neitað að hafa farið með sóknaraðilja inn á Hótel Hveragerði umrædda nótt, telur sig hafa verið heima hjá sér og hefur leitt vitnið C því til sönnunar.

Vitnið segir svo: „Aðspurt kveðst vitnið hafa dvalið á heimili kærða laugardagskvöldið 2. júní 1962 og fram eftir nóttu. Til efnið, segir vitnið, að einkum hafi verið að ræða um væntanlega veiðiferð um hvítasunnuna, sem var um næstu helgi. Vitnið segir, að gestur þetta kvöld hafi einnig verið D, Hveragerði. Nánar aðspurt, hvort vitnið sé viss um, að þetta hafi verið aðfaranótt 3. júní, segist vitnið ekki muna betur en svo hafi verið.

Vitnið segir, að M hafi verið háttáður, áður en það fór, og kveðst það hafa setið um stund á rúmstokk hans, áður en það fór heim. Vitnið segir, að D og kona kærða hafi farið eitthvað út um nóttina og voru ekki komnar, er vitnið fór. Aðspurt, hvenær vitnið hafi farið, kveðst það ekki geta sagt um það, annað en að áliðið hafi verið, og gizkar vitnið á, að klukkan hafi verið 4—5 að nóttu. Vitnið minnst þess ekki, að kærði færi neitt út úr húsinu um kvöldið eða nóttina. Vitnið minnst þess ekki, að fleiri gestir hafi komið á heimili kærða um kvöldið. Vitnið segir,

að það og kærði hafi farið í veiðitúr um hvítasunnuna og m. a. farið að Gíslholtsvatni. Aðspurð kveðst vitnið ekki hafa heyrt talað um samband kærða og kæranda, fyrr en eftir að mál þetta var komið af stað.

Aðspurð segir vitnið, að vín hafi verið haft um hönd um nóttina, en segir, að kærði hafi ekki farið að háttá vegna ölvunar. Vitnið segir, að það og kærði hafi verið góðgláðir, en ekki ölvaðir.“

Um samfarirnar á Selfossi segir sóknaraðili þetta í réttarhaldi hinn 13. nóvember: „Aðspurð kveðst kærandi hafa komið að Selfossi vorið 1962 og verið þar að verzlá. Rétt fyrir lokun í búðum kveðst hún hafa hitt kærða á götunni og farið í bifreið hans, en hann síðan ekið austur fyrir þorpið, og þar hafi þau haft samfarir í bifreiðinni.“ Sóknaraðili var látin vísa á stað þann, er þessir atburðir áttu að gerast, og vísaði hún á afleggjara af þjóðvegi að Laugardælum, nýja veginn, og á stað rétt norður af verkstæðisbyggingum Kaupfélags Árnésinga. Hún sagði, að ekki hafi verið dimmt, en ekki fullbjart í umrætt skipti.“

Varnaraðili kveðst ekkert kannast við umræddan atburð og neitar honum með öllu.

Varðandi samfarirnar í bifreiðinni á leiðinni frá Selfossi . . . , segir sóknaraðili, að félagi varnaraðilja hafi ekið henni og E, um nótt frá Selfossi heim til þeirra eftir dansleik. Segir, að hún hafi setið í aftursæti á leiðinni ásamt varnaraðilja og að þau hafi haft samfarir í bílnum á leiðinni. Varnaraðili kannast við atvik þetta, að öðru leyti en því að hann segir þau ekki hafa haft samfarir. Þau eru sammála um, að þetta hafi verið í nóvember 1962.

Vitnið F, sem ók bifreiðinni í umrætt skipti, telur, að þá hafi E ekki verið með, heldur G. Vitnið segir svo: „Þau kærandi og kærði sátu ein í aftursæti bifreiðarinnar, og veitti vitnið því enga athygli, hvað þeim fór á milli. Dimmt var úti og ekki haft ljós í bifreiðinni.“

Varnaraðili sendi sóknaraðilja jólakort heim . . . um jólin 1962, og var efni þess þetta: „Elsku K mín. Gleðileg jól, ég þakka þér fyrir allt á liðna árinu, fyrirgefðu mér ef þú getur. Sjáumst bráðum. Kær kveðja. Þinn vinur. M. Carol. Ég gleymi þér ekki. Ekki senda mér kort.“

Varnaraðili kveðst hafa sent sóknaraðilja kortið sem kunningja, en ekkert hafi legið þar á bak við.

Vitnið H, Hótel Hveragerði, greinir frá því, að einu sinni um veturinn 1961—1962, er sóknaraðili var starfandi á hótelinu, var það á dansleik, að vitnið sendi sóknaraðilja ofan í kjallara undir leiksviðinu til að sækja þurrkur. Er hún kom til baka, var henni brugðið, og er vitnið spurði hana, hvað væri að, kvaðst hún hafa hitt varnaraðilja í kjallaranum, en um leið hafi . . . kona hans komið að og hún ásakað þau fyrir að eiga þarna stefnumót.

Vitnið I, hótelhaldari, Hveragerði, segir svo frá: „Aðspurt, hvort vitnið viti eitthvað um samband kærða og kæranda í máli þessu, kveðst vitnið ekkert hafa vitað um það, en einu sinni, meðan kærandi var ennþá starfsstúlka hjá honum, kom vitnið á heimili kærða. Var þá uppsteit á heimilinu, og ásakaði . . . kona kærða, vitnið og H um, að þau væru í vitorði með kærða og kærandi um samdrátt á milli þeirra. Vitnið vissi ekkert um þetta fyrr, og kom það því mjög á óvart, og eftir þetta kveðst vitnið hafa reynt að fylgjast með þeim kærða og kærandi, en aldrei getað merkt, að neitt hefði verið á milli þeirra.“

Eftir aðiljum er bókað eftirfarandi í réttarhaldi 13. nóvember: . . . „Kærandi segir kærða hafa gert sér orð í Hótel Hveragerði, um það leyti sem hún vann í Þorlákshöfn, og beðið sig að finna sig niður á Þjóðveg, sem hún kveðst hafa gert, og hafi hann síðan ekið með hana niður í Ölfus og viljað fá hana heim með sér, því konan væri ekki heima; væri uppi í Biskupstungum, en af því varð ekki. Kærði kannast við að hafa farið í umrædda bifreið og hitt kærandi við sjoppuna. Hann minnst þess ekki að hafa boðað kærandi og neitar að hafa beðið hana að koma heim með sér. Kærandi kveðst hafa farið úr bifreiðinni við Eden, að beiðni kærða. Kærði segir það rétt.“

Hinn 30. desember s.l. undirritaði sóknaraðili svofellda yfirlýsingu að tilhlutan sóknarprestsins . . . : „M . . . ,

Ég undirrituð hefi í dag tjáð . . . , sóknarpresti mínum, að ofanefndur M sé faðir X, dóttur minnar, fæddrar 3. marz 1963, og legg drengskap minn við sannleika þess framburðar.

., 30/12 1963.

K.“

Nálægt þremur mánuðum eftir að barnið fæddist, fór varnaraðili austur . . . og hafði tal af sóknaraðilja. Eigi ber þeim saman um, hvað þeim fór á milli, að öðru leyti en því, að varnaraðili hafi boðizt til að útvega sóknaraðilja pláss annars staðar en á heimili foreldra hennar . . .

Varnaraðili hefur stöðugt neitað samförum við sóknaraðilja, og þar eð eigi liggja að öðru leyti fyrir sönnur á, að þau hafi haft samfarir á getnaðartíma barnsins, verður að láta úrslit málsins velta á eiði. Kemur þá til álita, hvor aðilja hefur það meira til síns máls, að veita beri honum eiðsheimild. Skal nú rifjað upp það helzta, er fram hefur komið í málinu til styrktar málstað sóknaraðilja: Sóknaraðili hefur leitt að því sterkar líkur, að varnaraðili hafi farið með henni inn í Hótel Hveragerði aðfaranótt 3. júní 1962 og dvalizt þar lengri tíma. Sérstaklega benda samræður þeirra vitnanna A og B næsta morgun til þess, að A þættist þess fullviss, að varnaraðili hafi farið inn á hótelið.

Umboðsmaður varnaraðilja hefur að vísu haldið því fram, að A hafi hvorki getað þekkt hann í bifreið utan hússins né þekkt rödd hans í stiganum. Mjög náinn kunningsskapur virðist hafa verið með aðiljunum. Sóknaraðili dansar við varnaraðilja, þótt hann dansi yfirleitt ekki, hann fer með henni einn í ökuferð niður í Ölfus, og hann situr einn með henni í aftursæti bifreiðar frá Selfossi . . . í myrkri, og hann viðurkennir að hafa kysst hana 2var, 3var sinnum í lok dansleikja. Hann sendir henni jólakort, sem virðist bera með sér, að mjög náði samband hafi verið á milli þeirra. Konu varnaraðilja grunar, að ástarsamband hafi verið á milli aðilja. Ekkert bendir til þess, að sóknaraðili hafi verið með öðrum karlmönnum á getnaðartíma barnsins, og ekkert vitnanna telur hana hafa lauslætisorð á sér. Hún undirritar drengskaparyfirlýsingu hjá presti sínum um, að varnaraðili sé faðir barnsins. Varnaraðili er fjölskyldumaður, sem leit- ar ásta ungrar stúlku.

Hann ekur . . . til að tala við hana eftir fæðingu barnsins og býður henni aðstoð við að komast að heiman.

Til styrktar málstað varnaraðilja er þetta: Hann hefur stöðugt neitað samförum við sóknaraðilja. Mikið ósamræmi er í fram- burði sóknaraðilja og ónákvæmni, bæði hvað viðvíkur skiptum aðilja og tímaákvörðun. Hún kennir að vísu sjúkleika um rangar skýrslur í fyrsta réttarhaldi. Varnaraðili leiðir að því líkur, að hann hafi verið heima hjá sér aðfaranótt 3. júní 1962 með vitnis- burði C. Vitnið fullyrðir þó ekki, að það hafi verið heima hjá honum umrædda nótt, en segist ekki muna betur en svo hafi verið. Ekki getur vitnið fullyrt, hvenær það fór um nóttina, en gizkar á kl. 4—5.

Sóknaraðili sagði varnaraðilja ekki frá því, að hún væri barns- hafandi.

Varnaraðili segir, að sóknaraðili hafi sótt eftir honum, og styður eitt vitni það. Sóknaraðili kveðst álíta, að varnaraðili hafi engu síður sótt eftir sér en hún honum, að minnsta kosti hafi hún staðið í þeirri trú.

Blóðrannsókk fór fram tvívegis, og varð sama niðurstaða í bæði skiptin og á þann veg, að varnaraðili var ekki útilokaður frá að vera faðir barnsins.

Að öllu þessu athuguðu verður að telja, að sóknaraðili hafi meiri líkur með sér og beri því að dæma henni fyllingareid þannig, að ef hún vinnur eið að því, að hún hafi haft holdlegar samfarir við varnaraðilja á hugsanlegum getnaðartíma barnsins, sem samkvæmt umsögn læknisins telst vera á tímabilinu frá 28. apríl til 6. júlí 1962, skuli varnaraðili teljast faðir umrædds barns og hann skyldaður til meðlagsgreiðslu og greiðslu fæðingarstyrks. Verði sóknaraðilja eiðfall, ber að sýkna varnaraðilja af öllum kröfum í málinu.

Rétt þykir, annars vegar vegna lélegs málalíbúnaðar sóknaraðilja, svo sem ósamræmis í framburði og þess að koma eigi þegar í upphafi fram með allar þær upplýsingar, er hún mátti vita, að málskostnaður verði eigi lagður á varnaraðilja, þótt hún vinni eiðinn. Eigi þykir heldur rétt að leggja málskostnað á sóknaraðilja, þótt henni verði eiðfall. Málskostnaður fellur því í báðum tilfellum niður.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns sóknaraðilja, Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmans, sem teljast hæfilega ákveðin kr. 10.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Ef sóknaraðili, K, vinnur eið að því á lögmæltu varnarþingi sínu innan 3ja mánaða frá birtingu dóms þessa, að hún hafi haft holdlegar samfarir við varnaraðilja og hann einan á tímabilinu frá 28. apríl til 6. júlí 1962, að báðum dögum meðtöldum, skal varnaraðili, M, teljast faðir meybarns þess, er hún ól hinn 3. marz 1963 og hlaut nafnið X, og greiða meðlag með því frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs þess, enn fremur fæðingarstyrk og tryggingaríðgjald barnsmóður, allt samkvæmt úrskurði yfirvalds.

Ef sóknaraðilja verður eiðfall, skal varnaraðili vera sýkn af öllum kröfum hans í máli þessu.

Hvort sem sóknaraðili vinnur eiðinn eða verður eiðfall, fellur málskostnaður niður.

Laun skipaðs talsmanns sóknaraðilja, Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmans, kr. 10.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Mánudaginn 1. febrúar 1965.

Nr. 200/1964. **Sigrún Arthúrsdóttir**

gegn

Brandi Brynjólfssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sigrún Arthúrsdóttir, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 1. febrúar 1965.

Nr. 87/1964. **Jón Brynjólfsson** (Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

Sigurði Árnasyni og gagnsök

(Þorvaldur Þórarinsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Magnús P. Torfason.

Kaup og sala. Samningar. Skaðabótakrafa. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. maí 1964 og krafizt þess, að honum verði dæmd